

BORGARRÁÐ 30. janúar 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um afgreiðslu á kvörtun vegna ummæla borgarritara - R20010392

Borgaritari er að kveðja Ráðhúsið. Í skúffu borgarstjóra liggur óafgreidd kvörtun frá borgarfulltrúa Flokks fólksins vegna meiðandi umæla borgarritara um borgarfulltrúa minnihlutans. Borgarfulltrúi spyr hvort ekki eigi að hnýta lausa enda áður en borgaritari hverfur á braut frá borginni og afgreiða kvörtunina? Kvörtunin er dags. 10. 4. 2019 og móttakin af mannauðsdeild 12.4. 2019. Eftir þó nokkrar vangaveltur mannauðsdeildar sem einkenndust að mestu af spurningum hvað gera ætti við kvörtun af þessu tagi stóð til boða að vísa henni til borgarstjóra með þeim orðum að ekki væri hægt að vinna hana samkvæmt þeim verkferlum, ekki heldur bráðbirgðaverkferil sem meirihlutinn hefur samþykkt. Skrif borgarritara var fyrst sett inn á sameiginlegt vinnusvæði starfsmanna. Um 80 starfsmenn þ.m.t. yfirmenn tóku þátt í illu umtali um borgarfulltrúa minnihlutans. Spurt er hvort ekki eigi að ljúka að afgreiða kvörtunina sem hér um ræðir með formlegum hætti áður en sá sem kvartað er yfir, borgaritari, hverfur til annarra starfa? Ekki er vænlegt að skilja eftir ókláruð mál af þessu tagi. Hér er laus endi sem þarf að hnýta.